

Sp.

309. Tillaga til þingsályktunar

um verðlækkun á vörum innan lands.

Flm.: Bernh. Stefánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að lækka verð á vörum innan lands fyrst um sinn með framlagi úr ríkissjóði, til þess að koma í veg fyrir, að vísitala framfærslukostnaðar hækki úr 272 stigum.

Greinargerð.

Þann 15. þ. m. á verð landbúnaðarvara að hækka allmikið lögum samkvæmt, og mundi það valda nýrri hækkun vísitölunnar. Mun flestum vera ljóst, hvílik hætta steðjar að atvinnuvegum þjóðarinnar og afkomu hennar, ef nýrri dýrtíðaröldu verður sleppt lausri. Viðræður fara nú fram milli flokka þingsins um lausn þessa vandamáls, en þeim er ekki lokið. Verður því að gera bráðabirgðaráðstafanir til að hindra nýja verðbólgu, a. m. k. á meðan á þessum samningum stendur.

Verði tillaga þessi samþykkt, mun óhjákvæmilegt að afla ríkissjóði tekna til að standast þau útgjöld, sem stafa af framkvæmd hennar, og verða þá tillögur um það efni lagðar fram.